

Alþingi
Erindi nr. P / 137 / 579
komudagur 7. 9. 2009



Reykjavík 9. júlí 2009

Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík.

Hvalaskoðunarsamtök Íslands leggja eindregið gegn samþykkt frumvarps sjávarútvegsráðherra um hvali og hvetur Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd Alþingis til að vísa því aftur til landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra til endurskoðunar. Við endurskoðun frumvarpsins er afar brýnt að haft verði náð samráð við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, einkum hvalaskoðun.

Innan stjórnsýslunnar ætti nýting og verndun hvala er að miklu leyti að vera á hendi ráðherra umhverfis- og ferðamála. Hvalaskoðunarsamtök Íslands skora á Alþingi að endurskoðun laga um hvalveiðar tæki mið af hagsmunum Íslands af sjálfbærri þróun og eflingu ímyndar landsins sem gríðastað fyrir ferðamenn sem vilja njóta villtrar náttúru. Lifandi hvalir eru ein helsta auðlind landsins og gríðarlega mikilvæg fyrir ferðaþjónustunnar.

Einnig vija samtökin benda á að nú sendur yfir hávertíð hjá Hvalaskoðunarfyritækjunum þar sem verið er að sigla með yfir 1000 manns á dag í hvalaskoðun á landinu og lítil tími til að sinna öðru. Frumvarp til laga um hvali eru eins og gefur að skilja mjög mikilvægt frumvarp fyrir fyrirtækin í þessari atvinnugrein og þurfa þau betri tíma til að fjalla um þau.

F.h. Hvalaskoðunarsamtaka Íslands,

Virðingarfyllt,

Rannveig Grétarsdóttir - Hvalaskoðunar Reykjavík ehf / Elding

Hörður Sigurbjarnarson - Norðursiglingar ehf